

# Sandkorn



## Formáli

Jæja, loksins er komið að jólaskemmtuninni sem flestir hafa  
beðið spenntir eftir, það er svo margt skemmtilegt sem gerist á  
jólaskemmtunum, t.d. sér maður fyndin leikrit, dansar eins og  
vitleysingur og síðast en ekki síst er Sandkorn gefið út á  
jólaskemmtuninni, en því miður þá gleymdist alveg að hafa  
forsíðu samkeppni þannig að þið verðið bara dugleg að senda inn  
fyrir árshátíðar-blaðið.

Núna er mikið um greinar sem er fjallað um nemendur og  
kennara, og ég vil vekja athygli á að ekkert af þessu er illa meint  
og ég vona enginn verður neitt fúll, þetta er allt skop.  
Jæja, en ég vill óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á  
komandi öld og vonandi skemmtið þið ykkur alveg "mega" vel í  
kvöld.

Friður

Óttar G. Birgisson  
Formaður blaðanefndar

### Blaðanefnd

Óttar	Formaður	10.R.G.
Rebekka	Blaðasnápur	10.R.G.
Fríða	Blaðasnápur	10.S.F.
Bragi	Jólasveinn	9.R.Ö.J.
Ástvaldur	Húmoristi	9.E.S.G.
Sigurpáll	Print Artist	8.P.B.T.
Rúnar	Skallapoppari	8.P.B.T.
Finnbjörn	Prautakóngur	7.E.S.G.
Fríða Dís	sklfdfjlfasklfldl	7.S.P.
Jóhanna P	Mamma okkar	11.J.P.E.

# Blaðanefnd "99-00

Blaðanefnd þakkar öllum sem við komu gerð þessa blaðs.

Takk,  
kærlega



*Óskum nemendum og  
starfsfólki gleðilegra jóla og  
farsældar á nýju ári*

*Starfsfólk  
Landsbankans í Sandgerði*

**Landsbanki Íslands**

# KÆRI SÁLI.

Kæri Sáli,

Ég er í vandræðum. Pannig er mál með vexti að ég held að ég sé ástfangin og það af bestu vinkonu minni. Hún er svo falleg og skemmtileg. Ég þori ekki að segja henni þetta, því þá get ég misst hana sem vinkonu og það vil ég alls ekki! Viltu hjálpa mér.

Ein öfug.

Ein Öfug,

Þegar unglingsárin færast yfir þá fylgja þeim ýmsar vangaveltur um lífið og tilveruna og þá einnig um kynhegðun. Þú skalt hugsa þig vel um áður en þú gerir nokkuð í þínum málum. Það að vera samkynhneigður getur umblytt öllu í þínu lífi. Þú skalt líta vel í kringum þig og athuga hvort þú heillist að öðrum stelpum í kringum þig og skrifa mér aftur sem fyrst.

Kæri Sáli,


Ég er strákur í GS. Ég á við vandamál að stríða. Ég er með svo lítið typpi. Strákarnir eru alltaf í keppni hver er með stærsta typpið og þeir eru að biðja mig að vera með en ég kem alltaf með afsökun um að ég þurfi að nái í systur mína á leikskólann. Ég veit að þeir hlæja að mér því að einn vinur minn sagði þeim að ég væri með ýkt litla rækju. Þældu í því. Hvað get ég gert? Hjálpaðu mér, please!!

Litla rækjan.

Kæra litla Rækja,

Ég geri mér nú grein fyrir því að þér finnist þetta vera vandamál. En í raun er þetta ekki mikið vandamál. Þetta lagast fljótlega. Hormónastarfsemin fer fljótt af stað og þá breytist rækjan í humar(*if you know what I mean*). Haltu bara áfram að vera vera þú sjálfur og láttu þennan leik eiga sig. Segðu strákunum að þroskast(bara svo þú þurfir ekki að vera með). Gangi þér vel og mundu að stærðin skiptir ekki máli.

## Myndir frá jólalífi Grunnskólans



## KENNARASKOP

ÁGÚSTA BEIB: Ég er búin að lesa allar enskubækur á bókasafninu svo ykkur er hollara að lesa þær. Það fer ekkert fram hjá mér.

BERGNÝ: Ég er svo ný á nálinni að það er ekkert að segja um mig.

BJÖRK BÓKASAFN: Komið endilega oftar á litla sæta safnið mitt.

EINAR JÚLL: Stelpur, á ég einhvern séns?????????

EINAR SVEINN: Ég er að spá í að breyta nafni mínu í *Einar Seinn* vegna þess að ég kem alltaf svo seint til 7. bekkjar, hvað finnst ykkur?

EINAR HÚSÓ: Ef þið eruð ekki í tíma, farið þið þá heim. Ég er með nægan orðaforða sem ég get notað á ykkur.

ELÍN FRÍÐUMAMMA: Soy estudiarespaniola.

ELSA: Það tekur nú ekki nema 15 mín að labba smá og safna fyrir Danmörku. Svo getið þið alltaf farið út fyrir bæjarmörkin.

GUÐJÓN BOSSI: Endilega kíkið oftar til míni. Það eru að koma jól og þá er mannasiður að baka smákökur.

GUNNAR SPORTY: Stelpur! Er ég ekki flottur í íþróttagallanum mínum og hvítu sokkunum. Strákar, þið toppið mig ekki.

HELGA HOLLÓ: Blandið geri og volgu vatni saman þegar þið gerið gerdeig. Það er það sem málið snýst um.

HANNA PÓRUNN: Hey guys. I'm single.

MARJATTA: Ég hef áhveðið að bæta á heimavinnuna hjá ykkur. HAHAHAHA.

PORBJÖRG: Peir sem munu fara til Danmerkur, PASSIÐ ykkur, ég finn alla lykt. (ef þið eruð að fara að stelast að reykja.)

PÓRUNN T: HEYRIÐ PIÐ Í MÉR!!!!!! (ÉG VAR EKKI ALVEG VISS)

RAGNAR ÖRN: Jólin eru bull og vitleysa, mig hlakkar ekki til jólanna, *bara til að fá frið*.

SVAVA: Ég á líka jólatréseyrnalokka (ligga ligga lá)!!!

BAGGA: Ég er flott, ég er ungleg þannig að ég veit að þið elskið mig.

PÉTUR: Hvað er að gerast, ha?

SIGGI: Pennar eru ekki til þess að skrifa með, þeir eru til þess að grýta í ykkur, þanig passið ykkur á stærðfræðinni.

PÓRUNN SUND: Það er bannað að stíga á botninn í djúpu lauginni minni.

GUÐBJÖRG MYND: Pið eigið að vera listræn eins og ég. (ég kann meira að segja að teikna Óla prik)

FRIÐRIK RAFMAGN: Eruð þið ekki í "STUÐI"

KOLLA MALLA: Krakkar hvað voruð þið að gera um helgina, hvar voruð þið???

ÓSK: Ég gæti aldrei skammað ykkur, þið eruð eins og börnin mína.

---

## Sandgerðisbær

Skrifstofa sími ..... 423-7554,

Hafnarvogin sími ..... 423-7477.,

Áhaldahús sími ..... 423-7515,

Íþróttahús, sundlaug sími ..... 423-7736,

Dagheimili leiðskóli sími ..... 423-7620,

Ferða- og fræðasetrið sími ..... 423-7551.




*Sendum öllum íbúum og starfssjófolki*




*Sandgerðisbæjar*

*hugheilar, jóla og nýjárskvæðjur.*

# Þinalit




( R ) L u R R A




( E ) P b i




( )




( N ) A u T



( A ) s N i



( R ) i s



( )

Lausnarorðið er

\_\_\_\_\_

## NEMENDASKOP

ÓSKAR INGI: I'm blue daba dee.....

INGI: Ohh, ég var svo hamingjusamur, á föstu með Nínu, var að fá bróðir en svo.....arggg sjáið á mér fótinn.

BINNI: Ég er svo mikill töffari, með tattoo og svona. Næst fær ég mér tattoo með hjarta þar sem á stendur "I love myself".

SVENNI: Yo, I'm coming straight from America and I am dangerous, I'll beat you all up. (No, really I am a nice boy).

TINNA: Ohh, Óskar I love you....♥

GUÐNI S: Hæ stelpur. Ég sendi auglýsingu í þetta blað því ég er að leita mér að kærustu. Stelpur, ég er svo sætur og ómótstæðilegur.

Guðni S.?????????

DAGGRÓS: Ég er orðin mjög góð listdansmær og boxari, ég lærði svo mikið á Hlíðargötunni um eina helgi.....munið þið ekki.....  
æi reynið að gleyma því.

Blaðanefnd tekur enga ábyrgð á setningunum sem hér standa. ☺

## STJÖRNUSPÁ

**Bogamaður:** Einhver ljót(ur)stelpa/strákur mun horfa á þig í allt kvöld og því skaltu flýta þér út.

**Steingeit:** Stelpan/strákurinn sem þú ert hrifin(n) af er þarna og þig dauðlangar að byrja með henni/honum og flýttu þér að spyrja hana/hann áður en einhver annar gerir það.

**Vatnsberi:** Í kvöld er þitt happakvöld því stelpan/strákurinn sem þú ert með, kyssti þig í fyrsta skipti.

**Hrútur:** Í þínum sporum myndi ég ekki dansa mikið í kvöld því stelpan/strákurinn missir áhugann á þér.

Happatölur: 7,9,13

**Fiskar:** Þú munt skemmta þér mjög vel í kvöld með vinum þínum dansandi, drífðu þig að bjóða að gagnstæða kyninu upp í dans.

**Tvíburi:** Þú munt byrja á túr í kvöld, ferð í vont skap og langar að fara heim en vinkona þín finnur strák og þú dansar við hann og villt ekki hætta.

Stelpan sem þú varst með sagði þér upp og þig langar heim, en vinur þinn kynnir þig fyrir frænku sinni úr bænum. Pið dansið saman allt kvöldið.

**Naut:** Leikritið sem bekkurinn þinn sýndi, stórlæg misheppnaðist en sem betur fer varst þú ekki með og allar stelpurnar/strákarnir munu dást af þér að því að fötin þín eru svo flott. Eitthvað mun gerast í kvöld.

**Krabbinn:** Þú munt finna draumaprinnsinn/prinnsessuna á borði fyrir aftan þig. Vertu ekki feimin/nn og drífðu þig í því að fara og spjalla við hann/hana.

**Ljónið:** Þú munt skjóta ástarörvum í stað bogamannsins og þú munt hitta beint í mark.

**Meyjan:** Þú mætir í ýkt sexy fótum og mörgum af gagnstæða kyninu mun líka mjög vel við þig, en þú vísar þeim öllum á bug. Þú veist alveg hvern/hverja þú vilt.

**Vogin:** Þú færð bóner af því að gellan mætti í þróngum buxum og í hvítum gegnsæjum þróngum bol. Hún mætti svona vegna þess að hún vissi að þú myndir verða þar. Gerðu eitthvað í málinu.

**Sporðrekinn:** Farðu á sviðið og taktu smá *action* eins og Jim Carrey. Stelpurnar/strákarnir falla strax fyrir þér. Ekki reyna of mikið við þær/þá. Allt er best í hófi, en það er engin ástæða að þú megir ekki skemmta þér vel í kvöld.

# Kennaraviðtöl.

Nafn: Gunnar Guðmundsson.

Fœðingardagur/ár: 4. ágúst 1969.

Bíll: Toyota Starlet 94.

Draumabíll: Gamall Land Rover.

Draumaprinsessa: Mjallhvít.

Draumahús: Skeiðaklaustur.

Börn: Engin.

Ef þú værir ekki kennari: Bóndi.

Hverniг líkar þér við Sandgerðisnemendur: Bara nokkuð vel, ágætis krakkar.

Af hverju ferðu gafstu upp á okkur: Nei, nei míн bíða bara önnur verkefni.

Besta mynd: Otto. Der Film.

Besti sjónvarpsþáttur: Derrick.

Besta leikkona: ?

Besti leikari: Horst Tapper.

Besta hljómsveit/söngvari: Elvis.

Besta lag: Lögin hans Elvis.

Besta íþrótt: Knattspyrna

Reykir/drekkur: Hvorugt.

Mottó: Að gefast ekki upp þó á móti blási.

Lokaorð: Áfram Reynir.



Kæri Gunnar

Við viljum þakka þér innilega fyrir þín störf og þolinmæði í okkar garð.

Nemendur Grunnskólans í Sandgerði.

Nafn: Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fødd: 28.janúar 1975.

Heimili: Suðurgata 25, Sandgerði.

Áhugamál: Bókmenntir, kvíkmyndir, ferðalög bæði innanlands og utan. Fólkið í kringum mig og auðvitað lærdómur, því hvað er lífið annað?

Draumahús: Pau eru svo mörg. En helst vil ég eiga sama stað á nokkrum stöðum og þá skiptir ekki öllu hvernig hýbýlin eru. Bara að þau séu notaleg.

Draumabíll: Ég sakna nú Fiestunnar minnar voðalega, sem klesst var á í sumar.

Draumaprins: Einhver góður, skemmtilegur og fydinn.

Draumastarf: Bara það sem mér finnst skemmtilegt hverju sinni. En draumastarf er að vinna frá 9-16 og þurfa ekki að hugsa um vinnuna utan vinnutíma.

Núverandi bíll: Mömmu og pabba bíll, og bíllinn hennar Hönnu.

Maki: Er þetta brandari?! Nei annars er það draumaprinsinn. Hann er aldrei hér, þess vegna hafið þið aldrei hitt hann.

Besta lag: Með U2 og heitir...

Besta mynd: La bella vita, (Life is beautiful) Brave heart og fleiri fleiri.

Besta hljómsveit: U2, Konukvöl, Todmobil og...

Besti sjónvarpsbáttur: Friends og Darma and Greg

Besti leikari: Mel Gibson mikið uppáhald, og Árni Tryggvason

Besta bók: Veröld Soffíu, Í dag var ég kona, Salka Valka og Sjálfstætt fólk.

Ef ekki kennari, hvað þá: Ferðalangur og skoða allt sem til er í heiminum.

Af hverju Sandgerðisskóli af öllum á landinu: Ég var beðin og aftur beðin og... svo sló ég til.

Hvernig líkar þér við nemendur: Mér líkar mjög vel við þetta fólk.

Lýsing á þér í 5 orðum: Annasöm, óskipulögð, góð, forvitin og...

Bestu vinir: Peir eru svo margir og því er betra að að telja ekki upp svo enginn móðgist.

Hver er fyrirmundur þín: Mamma og amma.

Mottó: Sé ekki eftir neinu sem ég geri.

Hvað viltu í jólagjöf: Bækur.

Eitthvað að lokum: Gangi ykkur vel í öllu sem þið takið ykkur fyrir hendi.



## Nemendaviðtöl

Nafn: Vignir Hrannar Vignisson  
Fæðingardagur/ár: 12.febrúar 1984.

Heimili: Heiðarbraut 4

Uppáhalds drykkur: Sprite

Uppáhalds matur: Gúrkur

Uppáhalds tölva: Mín (pc)

Uppáhalds tölvuleikur: Diablo

Uppáhalds mynd: Starship troopers

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: Jeopardy

Uppáhalds hljómsveit/söngvari: R kelly

Uppáhalds tala: 6

Uppáhalds lag: Gotham City

Uppáhalds leikari/leikkona: Arnold Schwarzenegger/Julia Roberts

Draumabíll: Lada Sport

Draumaprinsessa: Cher

Hvaða stelpu ertu veikur fyrir: Fríðu og Rebekku

Hvað færðu þér í morgunmat: C,D,B vítamín, Íbófen, ofvirknissprautu, túrveikissprautu.Bara allt heila klabbið.

Hvað færðu mikinn svefn á hverri nóttu: Ég sef ekki

Hver er þín fyrirmund: Addi í Skítamóral

Mottó: Live and learn

Reykir/drekkur: Nei

Af hverju líkar þér svona mikið við STAR TREK: Það er svo out there

Lokaorð: You must love me. I'm damn sexy (ég veit hvar þið eigið heima og haettið að hringja í mig)



Nafn: Svenni Eugene Crunk

Fæðingardagur/ár: 13 ára

Heimili: Florida

Uppáhalds Matur: Pizza

Uppáhalds drykkur: Kók

Uppáhalds hljómsveit: Biscuit

Uppáhalds lag: Ana's song

Uppáhalds kvíkmynd: Independence day

Uppáhalds leikari: Wesley Snipes og Sandra Bullock

Draumaprinsessa: Carmen Electra

Draumabíll: Mustang árgerð 1968

Hefurðu fallið fyrir einhverri stelpu hér: Kannski, það er of persónulegt.

Mottó: Life sucks then you die.

Reykirðu eða drekkur: Nei

Hver er þín fyrirmund: Það er engin.

Finnst þér erfitt að vera í íslenskum skóla: Nei, ég er að læra.

Villtu segja eitt hvað að lokum: Nei



# Fréttir

- Foreldrafundir voru haldnir í okt. og voru mætingar misjafnar. Kosnir voru bekkjarfulltrúar og voru foreldrar fræddir um skólastarfið. Einnig voru foreldraviðtöl og voru þá ýmsir krakkar örugglega áhyggjufullir að fá að vita hvað kennarinn hefði að segja.
- Fá munu fríin verða þetta árið. Það er vegna þess að flest allir frídagar lenda á helgum. Ekki eru allir jafn ánægðir með það.
- Samlokusalan er á sínum stað. Von okkar er að þið verðið dugleg að kaupa samlokur.
- Prófin eru hafin og búin. Það héldu margir að þeim hefði gengið vel en síðan kom annað í ljós.
- Opnuð var ný félagsmiðstöð föstudaginn 19. nóv. sl. Hún er glæsileg í alla staði og hvetjum við alla til að mæta oftar núna á opin hús og þannig lagað.
- Lúsin fór í verkafall, Sandgerðingum til mikillar ánægju. Voru sumir ekki orðnir einum of öfgafullir með því að hóta því að hætta að mæta í skólann?
- Nemendaráð fór á SamFés. Peim fannst alveg ágætt en það hefði mátt vera betra (sögðu sumir).
- Íþróttadagurinn (Snillidagur) var haldinn fimmtudaginn 18. nóv. og var boðið upp á margt skemmtilegt t.d. fótbolti, Latador, Húrra fyrir Hermínu, Olsen Olsen, limbó og svo má auðvitað ekki gleyma hinni árlegu fótboldakeppni milli nemenda í tíundabekk og kennara. Í þetta sinn voru bæði stelpur og strákar úr tíunda að keppa.
- Óvissuferð var farin fyrir 10. bekki á Suðurnesjum á vegum SamSuð og voru Sandgerðingar fjölmennastir. Farið var í Þorlákshöfn og skoðuðum við helli sem var alveg kostulegur (hjálmar og vasaljós voru nauðsyn) og eftir það var farið á diskó á Þorlákshöfn (Halló?!). Það er ekki hægt að kvarta undan ömurleghetum hér eftir þessa ferð). Um tvö eða þrjú leytið komu svo þreyttir unglingsar heim.
- Óttar tók pinnan úr slökkvitækinu einn daginn og Sigurleif var náttúrulega svo gáfuð að taka í handfangið, og Svanhildur var ennþá gáfaðari og setti andlitið næstum því inn í slönguna. Og svo kom snjókoma.
- Skólaliðar hófu störf í haust til að aga nemendurna. Kennararnir eru eflaust ánægðir með þeirra frammistöðu, en sumir nemendur eru ekki á sama máli því þær halda að þær séu "All that.."

## Palette verkefni

Skólinn okkar er nú annað árið í röð þátttakandi í verkefni sem ber yfirschriftina "Palette" eða Litaspjald. Þetta verkefni fékk styrk úr COMENIUS-sjóði Evrópubandalagsins, en hluti af kostnaði er greiddur af skólanum. Hinir þátttakendur eru Kirkonkylän koulu í Lapinlahti Finnlandi, Belváros-Lipotváros Deák Diák Iskolaja í Budapest Ungverjalandi, Kolla' rova škola í Jihlava Tékklandi og Hauptschule 8 í Vínarborg Austurríki. - Það sjá væntanlega allir hvað aftasta orðið í nöfnunum þýðir. Þetta er því stutt kennslustund í finnsku, ungversku, tékknesku og þýsku.

Þema þessa árs í Palette eru "Venjur og siðir". Fyrst útbjuggu allir krakkarnir bút, sem sendir voru til hinna skólanna. Af þeim er ætlunin að sauma sameiginlegt vegteppi eftir áramótin. Á hverjum bút eru hús og annað í umhverfi krakkanna. Það er mjög skemmtilegt að sjá hversu mismunandi bútarnir eru, en þeim eru Budapest og Vínarborg búa næstum 1,5 miljónir íbúar og í þeim eru margar gamlar byggingar. Lapinlahti er lítið sveitaborp í miðjum skóginum. Jihlava er á stærð við helming Reykjavíkur, en einnig er hún mjög gömul. Þorbjörg og Bergný sáu um þetta verkefni með bekjunum sínum.

Annað verkefnið í ár var að velja dæmigerða íslenska mataruppskrift og kenna hinum skólunum. Við bökuðum laufabrauð og tókum það upp á myndband, sem við sendum utan.

"Kvikmyndastjörnurnar" voru frá 8.P.B.T. Á sama myndbandi voru einnig íslensk jólalög sem 5. bekkur söng.

Skólarnir sendu hver öðrum einnig jólastreytingar og fljótlega kom í ljós að skreytingarnar voru mjög svipaðar í öllum löndunum fimm.

Á vorönn er ætlunin að búa til myndband þar sem fram koma íslenskir borðsiðir, hvernig fólk heilsast og hvernig við verslum inn. Hér með er því auglýst eftir efnilegum leikurum!

*Marjatta, COMENIUS-tengillinn í Sangerði*





Takk fyrir að kaupa mig